

16. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2016-2017

Þriðjudaginn 21. mars kl. 18.00 var haldinn 16. fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Boðað var til þessa fundar stjórnar með tölvupósti 3. mars sl. Fundurinn var haldinn að skrifstofu félagsins að Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Daníel Örn Hinriksson varaformaður, Þorsteinn Thorsteinson gjaldkeri, Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari og Guðbjörg Guðmundsdóttir varamaður.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritaði fundinn.

1. Ræktunarmarkmið íslenska fjárhundsins

Stjórn DÍF sendi stjórn ræktunarmarkmið á íslensku og ensku 8. nóvember 2016 en um er að ræða afrakstur vinnu sem á rætur að rekja til vinnuhóps sem stofnaður var í nóvember 2006 og ætlað var að vinna að skýringum á ræktunarmarkmiðinu. Hópurinn fór einnig yfir markmiðið með það að leiðarljósi að skoða hvort misræmi væri í núgildandi markmiði sem þarfnáðist úrbóta. Snemma árs 2009 kynnti vinnuhópurinn, sem vann að skýringum að ræktunarmarkmiði íslenska fjárhundsins, tillögur sínar að breytingum á ræktunarmarkmiðinu og fundaði öll þáverandi stjórn DÍF með hópnum ásamt fulltrúum stjórnar HRFÍ. Frá þeim tíma hafa margir fundir verið haldnir og margið komið að textanum á mismunandi tímum í gegnum árin.

Segja má að hvert einasta orð í markmiðinu hafi verið rætt og mismunandi leiðir í orðalagi skoðaðar. Í febrúar 2010 voru breytt ræktunarmarkmið samþykkt á fundi með þáverandi stjórn DÍF auk Jónu Th. Viðarsdóttur og Guðríðar Þ. Valgeirsdóttur frá HRFÍ sem og Guðrúnar R. Guðjohnsen og Sigríðar Pétursdóttur. FCI breytti einu orði í ræktunarmarkmiði íslenska fjárhundsins árið 2007 en þessi breyting varð til þess að ekki fékkst heimild til að vinna að frekari breytingum fyrr en að lágmarki 5 árum liðnum. Vinna við markmiðið fór því tímabundið í bið en hófst aftur snemma árs árið 2013 og hefur síðan þá verið unnið í textanum reglulega.

Helga Andrésdóttir, Guðni Ágústsson, Guðríður Þ. Valgeirsdóttir og Þorsteinn Thorsteinson hafa haldið utan um framhald þessarar vinnu fyrir DÍF og HRFÍ og skiluðu

Þau tillögum til stjórnar DÍF síðastliðið sumar. Þá fékk stjórn álit ræktunar- og staðlaráðs sem barst 20. mars sl.

Á fund stjórnar kom öll stjórn DÍF og með þeim Guðni Ágústsson. Farið var yfir ræktunarmarkmiðið orð fyrir orð og gafst stjórn kostur á að spyrja stjórn DÍF spurninga. Að þeirri yfirferð lokinni var ákveðið að endanlegur texti yrði yfirfarinn af stjórn DÍF og í framhaldinu sendur stjórn HRFÍ til meðferðar. Þá var ákveðið að stjórn DÍF, með aðstoð stjórnar HRFÍ, myndi standa fyrir kynningu á ræktunarmarkmiðunum fyrir ræktendum íslenska fjárhundsins aðallega. Það yrði gert með því að þau yrðu kynnt á fundi með ítarlegri yfirferð og skýringum og í framhaldinu yrði ræktendum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum. Stjórn DÍF myndi síðan taka þær athugasemdir til umfjöllunar og að því búnu senda stjórn HRFÍ endanleg markmið sem stjórn kæmi áleiðis til FCI Standard Commission. Aðilar voru sammála um að vinna saman að þeim samskiptum við FCI.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundið slitið kl. 20.00. Boðað er til næsta fundar stjórnar 6. apríl nk. kl. 18.